

Samþykkt í háskólaráði 8. maí 2008 * Með breytingu 26. júní 2008, 8. júlí 2008 og 2. febrúar 2012.

STARFSREGLUR

nefnda til að undirbúa ákvörðun háskólarektors um ráðningu forseta fræðasviða Háskóla Íslands

1. gr.

Hlutverk og umboð nefndar.

Rektor skipar eina nefnd fyrir hvert hinna fimm fræðasviða Háskóla Íslands. Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir umsóknir um starf forseta fræðasviðs og veita háskólarektor umsögn um umsækjendur.

Nefndin starfar í umboði rektors, skv. nánari ákvæðum í erindisbréfi.

2. gr.

Skipun og hæfi nefndarmanna.

Rektor skipar fjóra til sjö menn til setu í hverri nefnd til að undirbúa ákvörðun rektors. Hver deild fræðasviðsins hefur einn fulltrúa í nefndinni en tilnefnir þó tvo, konu og karl í samræmi við ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Formaður er skipaður af rektor án tilnefningar. Þá eina má skipa í nefnd sem hafa prófessors- eða dósentshæfi. Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

Umsækjendum er send tilkynning um skipan nefndarinnar og starfsreglur hennar.

3. gr.

Störf nefndarinnar.

Í erindisbréfi nefndar kemur fram hver kallar hana saman til fyrsta fundar og annast útsendingu gagna. Ennfremur kemur fram hvenær nefndin skuli hafa lokið störfum.

Áður en nefndin kemur saman hafa nefndarmenn fengið send gögn umsækjenda.

Nefndin fer yfir öll innsend gögn og ákveður hvort þörf sé á að kalla eftir frekari gögnum eða upplýsingum. Nefndin tekur þá umsækjendur í viðtal sem hún telur helst koma til greina við valið í starfið. Allir nefndarmenn skulu taka þátt í viðtölum við umsækjendur, og skal fela einum nefndarmanna ábyrgð á því að taka skriflega niður efnisatriði sem fram koma í þessum viðtölum.

4. gr.

Umsögn nefndar.

Nefndin skilar umsögn sinni skriflega til rektors eins fljótt og auðið er og sem nánar er ákveðið í erindisbréfi. Einstaka nefndarmenn mega gera fyrirvara við undirritun sína eða gera grein fyrir afstöðu sinni í séráliti.

Í umsögn nefndarinnar skal felast niðurstaða hennar um það hverjir úr hópi hæfra umsækjenda teljist best til þess fallnir að gegna starfinu á grundvelli heildarmats á þeim þáttum sem liggja til grundvallar ráðningu í starfið.

Umsögn nefndarinnar til rektors skal fylgja rökstuðningur með vísan til þeirra sjónarmiða sem nefndin skal leggja til grundvallar í umsögn sinni, þ.e. um akademískt hæfi, leiðtoga-hæfileika og metnaðarfulla og skýra framtíðarsýn, ríka samskiptahæfni og víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun.